

63
8. nóv.

KONUNGLEG AUGLÝSING

um

að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Það Vjer höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vjer samkvæmt 1. gr. laga 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga, að ríkisstjórn í fjarveru Vorri sje falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vjer hjermeð Vorum kæru og trúu þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konungleg tign krónprins Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vjer komum heim aftur.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. nóvember 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.